

Mánudaga — föstudaga kl. 10:00 — 12:00 og 14:00 — 18:00.

Laugardaga kl. 10:00 — 12:00.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. mars 1982.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingolf J. Petersen.

18. mars 1982.

Nr. 92.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum fiskibáta í apríl 1982.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til fiskiskipa annarra en þeirra, er togveiðar stunda samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 688 28. desember 1981, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1982.

2. gr.

Á tímabilinu frá kl. 18,00 5. apríl 1982 til kl. 12,00 á hádegi 13. apríl 1982, eru fiskiskipum, sbr. 1. gr., bannaðar þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Á þessu tímabili er óheimilt að hafa nokkur þorskfisknet í sjó.

3. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 2. gr., má hlutfall þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli veiðiferðar yfir 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

4. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili, sem þorskveiðar eru því bannaðar samkvæmt 2. gr., og hlutfall þorsks í afla reynist hærra en 15%, skal svo litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 3. gr., nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabilsins, samkvæmt 2. gr., hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

5. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um víndalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. mars 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Nr. 93.

18. febrúar 1982.

AUGLÝSING**um umferð í Kópavogi.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

- 1) Bifreiðastöður skulu vera bannaðar við norðanverðan Nýbýlaveg, vestan Birki-
grundar.
- 2) Bifreiðastöður við gangstétt vestan Félagsheimilis Kópavogs við Fannborg skulu
vera bannaðar.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Lögreglustjórnin í Kópavogi, 18. febrúar 1982.

Ásgeir Pétursson.